



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Mennta- og barnamálaráðuneytið
b.t. Ásmundar Einars Daðasonar, mennta- og barnamálaráðherra

Reykjavík, 15. maí 2024

Efni: Námsúrræði Klettabæjar

Umboðsmaður barna ritaði bréf til mennta- og barnamálaráðherra þann 15. júní 2023 vegna fræðsluskyldu stjórnvalda og réttinda barna til að hefja nám við hæfi í framhaldsskóla. Í svari ráðuneytisins, dags. 3. júlí s.l. kom m.a. fram að ráðuneytið hefði samið við Klettabæ ehf. um námsúrræði fyrir örfáa nemendur til að koma til móts við sérstakar þarfir þess hóps. Umboðsmaður barna óskar eftir nánari upplýsingum um það fyrirkomulag.

Óskar umboðsmaður þess sérstaklega að ráðuneytið veiti upplýsingar um þann fjölda barna sem úrræðið nær til og hversu lengi þau hafa notið þessa úrræðis. Einnig óskar embættið eftir upplýsingum um það hvernig slíkt úrræði, sem rekið er af einkaaðila, uppfyllir að mati ráðuneytisins þær skyldur sem fram koma í lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, einkum með vísan til 12. gr. laganna um almenn skilyrði fyrir viðurkenningu framhaldsskóla og 32. gr., þar sem fjallað er um rétt barna 16 ára og eldri til þess að hefja nám í framhaldsskóla. Þá óskar umboðsmaður jafnframt eftir upplýsingum um það hvernig úrræðið hafi að, mati ráðuneytisins, reynst fram að þessu og hvort fyrirhugað sé að fleiri nemendur muni sækja það á komandi skólaári.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 83/1994, um umboðsmann barna, er stjórnvöldum skylt að veita umboðsmanni barna allar þær upplýsingar sem að hans mati eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu. Þess er jafnframt óskað að umræddar upplýsingar og skýringar berist umboðsmanni barna svo fljótt sem auðið er.

Virðingarfyllst,

Salvör Nordal, umboðsmaður barna